

Landsbankinn hf. - Vinsamlegast athugið.

Eftirfarandi upplýsingar um nýja flokkunarlykla eru unnar af starfsfólki Landsbankans upp úr *drögum Seðlabanka Íslands að leiðbeiningum um upplýsingagjöf*, sem gefin voru út þann 12. júlí 2022.

Þegar Seðlabanki Íslands hefur gefið út opinberar leiðbeiningar um nýju flokkunarlyklana mun Landsbankinn uppfæra tengil í netbanka Landsbankans svo hann vísi beint á opinbert skjal Seðlabankans.

Tilefni	Lykill	Birtingatexti í netbanka	Skýring
Vöru og þjónustuviðskipti			
	VAR	Vöruviðskipti - Hvers kyns viðskipti með vörur	Hvers kyns viðskipti með vörur. Einnig uppgjör viðskiptaskulda sem stafa af vöruviðskiptum.
	THJ	Þjónustuviðskipti - Kaup eða sala á þjónustu	Kaup og sala á þjónustu af hvaða tagi sem er. Einnig uppgjör viðskiptaskulda sem stafa af þjónustuviðskiptum.
Fjármagnstekjur og gjöld			
	VEX	Greiddir eða móttæknir vextir - innlán/lánaskuldb.	Greiddir eða móttæknir vextir af innlánnum eða lánaskuldbindingum.
	ARD	Arðgreiðsla af hlutafé	Arðgreiðslur af hlutafé.
	LEI	Leigugreiðslur fyrir afnot af fasteign/tækjum	Greiðslur fyrir afnot af fasteignum eða framleiðslutækjum.
	FTG	Aðrar fjármagnstekjur eða -gjöld	Aðrar tekjur af fjármagni eða gjöld greidd af fjármagni.
Fjármagnsviðskipti			
	FAS	Fasteignaviðskipti	Fjármagnshreyfingar sem tengjast kaupum og sölu á fasteignum. Rekstrarkostnaður vegna fasteigna innlendra aðila erlendis eða erlendra aðila innanlands fellur ekki hér undir. Hið sama á við um vexti og afborganir vegna fasteignalána.
	BFH	Bein erlend fjárfesting í hlutafé	Bein fjárfesting innlendra aðila erlendis og erlendra aðila hér á landi. Til þess að fjárfesting teljist bein fjárfesting þarf fjárfestir að eiga eða stjórna a.m.k. 10% hlutafjár eftir viðskiptin. T.d. getur fjárfestir verið að eignast meira en 10% hlut, eða fara úr 9% í 11% hlut, eða úr 11% í 12% hlut.
	BFL	Bein fjárfesting í lánaskuldum félags - ný fjármögnun	Bein fjárfesting innlendra aðila erlendis og erlendra aðila hér á landi. Til þess að fjárfesting teljist bein fjárfesting þarf fjárfestir að eiga eða stjórna a.m.k. 10% hlutafjár eftir viðskiptin. T.d. getur fjárfestir verið að eignast meira en 10% hlut,
	BFG	Bein fjárfesting í lánaskuldum félag - greiðsluflæði	Greiðsluflæði vegna lánaskulda sem flokkast til beinnar fjárfestingar innlendra aðila erlendis og erlendra aðila hér á landi (afborgun af höfuðstól og vaxtagreiðslur). Til þess að fjárfesting teljist bein fjárfesting þarf fjárfestir að eiga eða stjórna a.m.k. 10% hlutafjár í viðkomandi félagi.
	HLS	Skráð hlutabréf	Viðskipti með hlutabréf eða annað hlutafé sem gengur kaupum og sölum á skipulegum markaði eða markaðstorgi fjármálagerninga.
	HLO	Óskráð hlutabréf	Viðskipti með hlutabréf eða annað hlutafé, önnur en skráð hlutabréf.
	SJO	Hlutdeildarskírteini sjóða	Viðskipti með hlutdeildarskírteini eða aðra hlutdeild í hvers kyns sjóðum um sameiginlega fjárfestingu svo sem verðbréfasjóðum og fagfjárfestasjóðum.
	SKN	Markaðsskuldabréf - viðskipti	Viðskipti með skráð skuldabréf, hvort sem er frumútgáfa eða viðskipti á eftirmarkaði.
	SKE	Markaðsskuldabréf - greiðsluflæði	Afborgun af höfuðstól og skuldabréf.
	VXL	Kaup eða sala á víxlum	Kaup eða sala á skráðum og óskráðum víxlum.
	AFL	Afleiðuviðskipti	Viðskipti með afleiðusamninga, t.d. Kaup eða sala á valréttum.
	LNN	Lán og óskráðir skuldagerningar - ný lánveiting	Lán og óskráðir skuldagerningar.
	LNE	Lán og óskráðir skuldagerningar - greiðsluflæði	Afborgun af höfuðstól og vaxtagreiðslur.
	INN	Millifærsla yfir á reikning í þinni eigu	Innstæðuflutningar, þ.e. millifærslur milli reikninga í eigu sama einstaklings. Millifærsla yfir á annan einstakling flokkast sem "GJA".
	RAF	Rafeyrir, s.s. fyrirframgreidd greiðslukort/gjafakort	Kaup og sala á rafeyri.
	CRY	Sýndarfé, s.s. Bitcoin, Ethereum o.fl.	Kaup og sala á sýndarfé, s.s. Bitcoin, Ethereum o.fl.
	LIF	Greiðslur vegna lífeyrissamninga	Greiðslur í tengslum við lífeyrissamninga innlendra aðila erlendis og erlendra aðila hér á landi.
	TRY	Greiðslur vegna trygginga	Greiðslur vegna trygginga.
	FJV	Önnur fjármagnsviðskipti	Önnur fjármagnsviðskipti, áður ótalin.
Aðrir flutningar fjármuna			
	LAU	Launagreiðsla frá launagreiðanda til launþega	Launagreiðslur frá launagreiðanda til launþega.
	NAM	Skólagjöld og framfærsla vegna náms	Skólagjöld og framfærsla.
	GJA	Millifærslur á milli einstaklinga (t.d. gjafir/styrkir)	Millifærslur á milli einstaklinga, t.d. gjafir, styrkir eða vegna framfærslu og upphalds fjölskyldu í öðru landi. Millifærsla á milli reikninga í eigu sama einstaklings flokkast sem "INN".
	ANN	Annað	Annað áður ótalið